

FÉLA2AB05

KYNJAFRÆÐI

Hæfniprep:

Áfanginn er á öðru þrepi.

Undanfari:

Enginn undanfari er nauðsynlegur.

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til þess að setja upp hin svokölluðu kynjagleraugu þar sem þau skoða samfélagið og sjálfið sitt með þau á nefinu. *Kynjagleraugu* er hugtakanotkun sem felur í sér að kenningum um valdatengsl kynja og kynhlutverka er beitt á fjölbreytta þætti, tilveruna í heild ef því er að skipta. Í kynjafræði er þannig nýju ljósi varpað á viðfangsefni sem margir skynja sem algildan sannleik eða hlutlausa sýn á heiminn. Markmið áfangans er að stuðla að vitundarvakningu með aukinni þekkingu og sjálfsvitund nemenda að leiðarljósi.

Námsmat:

Kynjafræði er símatsáfangi,

þ.e. námsmat er í formi fjölbreyttra verkefna sem skilað er jafnt og þétt yfir önnina.